

Skíðagönguferð til Lillehammer 2023

með Sævari og Brynjari | 23. – 28. febrúar | 6 dagar/5 nætur



Fararstjórar: Sævar Birgisson og Brynjar Leó Kristinsson


Þeir margföldu verðlaunahafarnir, vinirnir og fyrrum landsliðsmennirnir í skíðagöngu Sævar og Brynjar Leó þekkja skíðagöngusvæðin uppaf og í nágrenni Lillehammer í Noregi eins og lófann á sér eftir að hafa bæði komið þangað ótal sinnum og búið þar um skeið, og síðan æft og keppt oft en tölu verður á komið.

Lillehammer er fallegur bær, skammt norðan við Osló. Vetrarólympíuleikarnir voru haldnir þar árið 1994 og ólympíumót æskunnar 2016. Í nágrenninu eru yfir 2.300 km af skíðagöngubrautum þegar best lætur, en einstök náttúrufegurð, veðursæld og trygg snjóalög gerir Lillehammer og nágrenni að paradís fyrir útivistafólk.

Þau gerast ekki mikið fjölbreyttari og flottari skíðagöngusvæðin en þetta!

Þetta er ekki námskeiðsferð og hún því ekki ætluð algjörum byrjendum, ætlast er til þess að þátttakendur séu með a.m.k. grunnfærni á gönguskíðum, en að sjálfsgöðu veita þeir félagar góða tilsögn ef þurfa þykir. Markmiðið er að hafa dagana sem fjölbreyttasta og verður því farið vítt og breitt um svæðið til þess að prófa sem flestar brautir.

Lágmarks þátttakendafjöldi er 14 manns, hámark 20 manns.



1



Kringlan 7 | 103 Reykjavík | Sími 510 9500 | ferdir@fjallakofinn.is





Sævar Birgisson

Sævar hefur stundað skíðagöngu frá barnsaldri og var í A landsliði Íslands til fjölda ára. Hann hefur keppt fyrir Íslands hönd á Ólympíuleikum og fleiri stórmótum. Sævar hefur mikla reynslu í kennslu og þjálfun á skíðum, hvort sem um ræðir börn eða fullorðna. Í dag starfar hann hjá Fjallakofanum þar sem hann m.a. aðstoðar fólk við að velja sér skíði við hæfi.



Brynjar Leó Kristinsson

Brynjar er búsettur í Svíþjóð, en þangað flutti hann fyrir rúmum áratug til að leggja betur stund á skíðaþróttina. Hann var, ásamt Sævari, í landsliði Ísland í skíðagöngu um árabíl. Hann á að baki flottan feril í skíðagöngunni og starfar í dag sem smiður, en hvenær sem færi gefst stundar hann ýmiss konar útivist og hreyfingu.

Dvalið verður á hótél Birkebeierenen í Lillehammer, hóteli sem þeir Sævar og Birgir þekkja mjög vel. Morgun- og kvöldverðir snæddir á hótelinu og þar er hægt að láta líða úr sér þreytuna eftir hreyfingu dagsins í nýrri heilsulind hótelsins. Birkebeierenen er á góðum stað í bænum og þaðan er hægt að ganga á skíðum upp á svæðin fyrir ofan - og heim í lok dag - en einnig er stutt að fara á strætóstöðina og fá nokkurra mínútna skutl upp á skíðagöngusvæðin.

<https://birkebeierenen.no/> Ath. að ekkert brautargjald er á skíðagöngusvæðum í Noregi!

Ferðaráætlun:

Dagur 1 | fimmtudagur, 23. febrúar


Ósló – Lillehammer

Flogið með Icelandair til Ósló kl 07:50 - áætluð landing 11:30 og við tekur u.þ.b. tveggja klst. akstur til Lillehammer. Það ætti því að verða tími til þess að kíkja aðeins á aðstæður stax á fyrsta degi.

Dagur 2 – 5 | föstudagur 24. febrúar til mánudags 27. febrúar

Ólympíusvæðið, Sjusjøen, Nordseter og öll hin ...


Já, nú verður sko skíðað vítt og breitt, fararstjórnir velja hvert farið verður hverju sinni og hafa skemmtun, fjölbreytni og ánægju að aðal markmiði hvers dags, og geta jafnvel boðið upp á sitt hvort svæðið ef svo ber undir, allt eftir aðstæðum og áhuga þátttakendanna.






Dagur 6 - þriðjudagur, 28. febrúar

Heim á leið ...

Strax, að afloknum morgunverði, verður ekið til flugvallarins, flugið heim er kl. 12:45 og áætluð landing kl. 14:45





Þjónusta & verð

Innifalið í verði ferðar:	Flug og flugvalla-skattar	23.02.2023: Flug FI 318 Keflavík – Ósló, brottför 07:50 landing 11:30 28.02.2023: Flug FI 319 Ósló – Keflavík, brottför 12:45 landing 14:45 Vinsamlegast athugið að flugtímar geta breyst.	
	Gisting	5 nætur á hótél Birkebeineren 3*** í Lillehammer	
	Matur	Morgunverðir	Innifaldir
		Kvöldverðir	Innifaldir
	Ferðir / flutningar	Akstur til og frá Óslóarflugvelli í upphafi og lok ferðar og strætó í fimm daga, milli hótelsins og skíðasvæðanna – Ekkert brautargjald er á skíðagöngusvæðum í Noregi	
	Fararstjórn	Sævar Birgisson og Brynjar Leó Kristinsson	
Ekki innifalið:	Hádegishressing – Drykkir með kvöldverðum – Skíðataska í fluginu (kr. 7.520 báðar leiðir ef bókað í gegn hjá okkur) – Annað það sem ekki er talið upp í „innifalið”		
Verð:	Verð á mann í tveggja manna herbergi	224.900 staðgreitt	
	Aukalega fyrir eins manns herbergi	35.000 staðgreitt	
Greiðslur og gjalddagar:	Greiða þarf staðfestingargjald - kr. 75.000 - strax við bókun í ferðina og eftirstöðvarnar í síðasta lagi 23. desember 2022		

Ábendingar:

Lágmarks þátttaka er 14 manns, ferðaskrifstofan áskilur sér allan rétt til þess að fella ferðina niður náist sá fjöldi ekki og mun þá endurgreiða að fullu.

Fjallakofinn-Ævintýraferðir / Ferðaskrifstofan Íslandsvinir og fararstjórar hennar áskilja sér allan rétt til að breyta áætlunum ferða ef veður, umferð og/eða ástand vega, eða aðrar ófyrirsjáanlegar aðstæður gefa tilefni til.

Forfallatrygging er ekki í boði í sérferðum ferðaskrifstofunnar. Í mörgum tilfellum er forfallatrygging innifalin í skilmálum greiðslukorta og/eða heimilis- og fjölskyldutrygginga fólks og er viðskiptavinum bent á að hafa samband við banka sinn eða tryggingarfélag til að kanna stöðu mála. Verð ferðar er háð almennum gengisbreytingum, en breytist ekki eftir að hún er að fullu greidd.

Fjallakofinn-Ævintýraferðir / Ferðaskrifstofan Íslandsvinir er með skilmála sem unnið er eftir varðandi alferð sem þessa og lesa þarf um hér: <http://ferdir.fjallakofinn.is/is/page/skilmalar>

Frekari upplýsingar og skráning með tölvupósti á ferdir@fjallakofinn.is eða með skilaboðum í gegnum Facebook síðuna okkar <https://www.facebook.com/islandsvinir>

Farþegar í ferðum Fjallakofans-Ævintýraferða / Íslandsvina fá sérkjör í „Fjallakofanum“.



**FJALLA
KOFINN**

